



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Máli nr. P 127/1359  
Komudagur 20.3.2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10,

Dagsetning  
19. mars 2002

Tilvísun  
A-8  
SP/bb

**150 Reykjavík**

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 13. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvörp til laga um einkahlutafélög, 546. mál, og hlutafélög, 547. mál.

Með ofangreindum frumvörpum er lagt til að heimilt verði að skrá hlutafé í íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum í erlendum gjaldmiðli. Í athugasemdum við frumvarpið er bent á að heimild þessi sé eðlileg í ljósi upptöku sameiginlegs nýs gjaldmiðils, evrunnar, í flestum ESB-ríkjanna og þróunar í alþjóðaviðskiptum á liðnum árum. Breytingin geti þegar svo ber undir aukið samkeppnishæfni íslenskra félaga og jafnvel laðað að fjárfestingu erlendra aðila. Af sama meði eru áður fram komin frumvörp um breytingar á löggjöf um bókhald og ársreikninga.

Fyrir sitt leyti hefur Ríkisendurskoðun engar athugasemdir fram að færa við ofangreind frumvörp um breytingar á hlutafélagalöggjöfinni.